

1866.

4. júlí.

- 64. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi um það, hver eigi að fá helminginn af sektum og gjöldum, þeim er borguð eru í Reykjavík eptir tilskipun 26. maímán. 1863.**

Í bréfi 30. aprílmán. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá álitum yðar um skjal það, er hingað barst aptur með bréfi yðar, þar sem Geir Zoëga og Jón Árnason, fátækrafulltrúar í Reykjavík, spyrja um, hver eigi að fá helminginn af gjöldum þeim og sektum, sem lokið er í Reykjavík samkvæmt tilskipun 26. maímán. 1863. Skal yður nú til vitundar gefið um þetta, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það, að með því að nú hefir verið skýrt frá — en það sást ekki fyr af skjölum málsins — að fátækrafulltrúarnir í Reykjavík hafa þá umsjón með lausamönnum þar, sem hreppstjórnarnir eiga að hafa á hendi samkvæmt áður nefndri tilskipun, hljótum vör að vera yður samdóma, herra stiptamtmaður, um það, að fátækrafulltrúarnir eigi að fá helming þann, sem hér er um rædt, og eins um það, að honum sé skipt niður milli fátækrafulltrúanna í Reykjavík, allra þriggja, eins og bæjarfulltrúarnir hafa stungið uppá.

11. júlí.

- 65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp sveitarómaga.**

Með bréfi dagsettu 20. aprílmán. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá hreppstjórunum í Vatnsleysustrandar hrepp í Gullbringusýslu, þar sem þeir bera sig upp undan úrskurði stiptamtsins 8. septembermán. f. á., er ákvað, að ekkjan Hólmsfríður Sigurðardóttir ætti sveit á Vatnsleysustrandar hrepp. Þér hafð farið þess á leit, að úrskurður þessi verði staðfestur, og í því skyni tekið fram, að eins og Hólmsfríður þessi Sigurðardóttir var sveitarómagi á Vatnsleysustrandar hrepp, áður en hún flutti sig til Reykjavíkur árið